

SAMÞYKKT

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Bolungarvíkurkaupstað,
nr. 543 18. desember 1975.

1. gr.

1. málsgrein 30. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraði aldrei vera meiri en 50 km á klukkustund.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1980.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

14. október 1980.

Nr. 553.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar um skráningu vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu um skráningu vörumerkis og endurnýjun skráningar, einn flokkur innifalinn, greiðist gjald kr. 350.00.

2. gr.

Fyrir hvern flokk umfram einn greiðist gjald kr. 80.00.

3. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 60.00.

4. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir staðfest myndrit af tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist gjald kr. 45.00 Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett skal greiða gjald kr. 45.00 fyrir hvern flokk sem rannsóknin nær til.

5. gr.

Fyrir tilkynningu um skráningu gæðamerkis greiðist gjald kr. 600.00. Gjöld fyrir endurnýjun gæðamerkis og vöruflokka er hið sama og fyrir almenn vörumerki.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 5. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd þótt um skráningu sé sýnjað eða umsókn afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47, 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. janúar 1981 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 490, 5. desember 1979.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 130 17. september 1956 um vinnumiðlun.

1. gr.

1. málsgrein 16. greinar orðist þannig:

Hver sá, er telur sig eiga rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum nr. 57 27. apríl 1973 með síðari breytingum eða bráðabirgðalögum nr. 68 og nr. 69 9. september 1980, getur krafist þess, að vinnumiðlun láti honum í té vottorð í tvíriti um atvinnu hans eða atvinnuleysi það tímabil, sem hann hefur verið skráður sem umsækjandi um atvinnu, sbr. 14. og 15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. október 1980.

Svavar Gestsson.

Óskar Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa nr. 59/1966, sbr. breytingar á þeirri reglugerð nr. 151/1973 og nr. 43 1979.

1. gr.

Í 6. lið 2. gr. verði „kr. 35 000“ að: kr. 800.00

2. gr.

Í 5. lið 5. gr. verði „kr. 10 000.00“ að: kr. 200.00.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um einkaleyfi nr. 12/1923, til að öðlast gildi 1. janúar 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 14. október 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.